amtsráðinu að skipta þeim 1900 kr., sem eptir eru, milli sýsluvegasjóða í norður- og austurumdœminu, er fullnœgja skilyrðum þeim, sem sett eru í fjárlögunum um þetta efni. Með sama brjefi landshöfðingja fylgdi brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, 11. janúar þ. á., um 3000 kr. til vegagjörðar á Grímstunguheiði. Þessi fjallvegur er eigi aðalpóstleið, en þær eiga eptir fjárlögunum að sitja í fyrirrúmi fyrir öllum fjallvegabótum; fyrir því gat amtsráðið eigi mælt fram með fjárveiting til þessa fjallvegar, nema því að eins að fje yrði afgangs frá vegagjörðum á póstleiðunum. 117

5. Með sama brjefi, 6. febrúar 1882, hefir landshöfðingi veitt 1000 kr. til hinnar fyrirhuguðu sæluhússbyggingar þetta ár á Mývatnsörœfum. Amtsráðið fjellst á tillögur sýslunefndarmanns Jakobs Hálfdánarsonar á Grímsstöðum um stað sæluhússins, og fól honum á hendur að annast um þessa sæluhússbyggingu samkvœmt skýrslu þeirri og áætlun, sem hann hafði sent amtsráðinu. Í sambandi hjervið framlagði forseti brjef, dagsett 7. febrúar 1882, frá óðalsbónda Pjetri Jónssyni á Reykjahlíð með tillögu um byggingu skýlis eður sæluhúss á Eystraseli á veginum yfir Mývatnsörœfi, og áætlar hann kostnaðinn til þess um 200—300 kr. Amtsráðið áleit, að þessi skýlisbygging gæti engan veginn komið í staðinn fyrir sæluhússbygginguna við ferjustaðinn á Jökulsá, heldur gæti hún vel komið til greina síðar meir sem viðbót við hana, þar sem hún gæti orðið hentug ferðamönnum á leiðinni milli Jökulsárferju og Reykjahlíðar.

Fleiri mál komu eigi til umrœðu á þessum fundi, og var svo fundi slitið.

Akureyri, 10. dag marzm. 1882.

*J. Havsteen.*
settur.

## Reikningur
### yfir búnaðarsjóð vesturamtsins árið 1880. 118

Tekjur.

| | | kr. | a. | Kr. | A. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Eptirstöðvar við árslok 1879: | | | | |
| | a. Ríkisskuldabrjef . . . . . . . . . . . . . . | 1500 | » | | |
| | b. Skuldabrjef einstakra manna . . . . . . . . . | 8530 | » | | |
| | c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1879 . . . . . . . . | 46 | 52 | | |
| | d. Í peningum . . . . . . . . . . . . . . . | 61 | 92 | 10138 | 44 |
| 2. | Leiga af vaxtafje sjóðsins . . . . . . . . . . . . . . . . | | | 401 | 20 |
| 3. | Tillag úr landssjóði af fje til eflingar búnaði . . . . . . . . . | | | 883 | 33 |
| | | | Samtals | 11422 | 97 |

Gjöld.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Veitt verðlaun fyrir jarðabœtur: | | | | |
| | a. Níels Eyjólfssyni á Grímsstöðum . . . . . . . . | 50 | » | | |
| | b. Jóni Bjarnasyni á Fögrubrekku . . . . . . . . | 30 | » | | |
| | c. Ásmundi Þórðarsyni á Snartartungu . . . . . . | 30 | » | | |
| | d. Sigurði Ólafssyni á Skíðsholtum . . . . . . . . | 50 | » | | |
| | e. Kristínu Einarsdóttur á Dúnki . . . . . . . . | 30 | » | | |
| | f. Guðrúnu Einarsdóttur á Laxárholti . . . . . . . | 50 | » | | |
| | g. Davíð Davíðssyni á Innstutungu . . . . . . . . | 50 | » | 290 | » |

118

| | | |
|---|---|---|
| Fluttar | | 290 » |
| 2. Til kennslustofnunarinnar í Ólafsdal: | | |
| a. Til viðhalds verkfærum | 100 » | |
| b. Aukastyrkur sem meðgjöf með 2 lærisveinum árið 1880—81 | 300 » | 400 » |
| 3. Til Torfa Bjarnasonar upp í verðlaun fyrir að hafa innleitt hina skotsku ljái | | 200 » |
| 4. Eptirstöðvar við árslok 1880: | | |
| a. Ríkisskuldabrjef | 1500 » | |
| b. Skuldabrjef einstakra manna | 8330 » | |
| c. Ógoldnir vextir | 73 72 | |
| d. Peningar | 629 25 | 10532 97 |
| | | 11422 97 |

Reykjavík 31. desember 1881.

**Bergur Thorberg.**

119

# Y f i r l i t

yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austurumdæminu árið 1880.

| Tekjur. | | kr. a. | Kr. A. |
|---|---|---|---|
| 1. Húnavatnssýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári | | 710 91 | |
| Niðurjöfnun $6\frac{1}{2}$ eyrir á hundrað | | 824 72 | 1535 63 |
| 2. Skagafjarðarsýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári | | 450 75 | |
| Niðurjöfnun 5 aurar á hundrað | | 617 2 | 1067 77 |
| 3. Eyjafjarðarsýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári | | 51 67 | |
| Niðurjöfnun 7 aurar á hundrað | | 842 31 | |
| Aðrar tekjur | | 350 » | 1243 98 |
| 4. Suðurþingeyjarsýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári (í sjóði) | 282 kr. 16 a. | | |
| Vanheimt gjald af brennist. nám. | 20 — 96 - | 303 12 | |
| Niðurjöfnun 7 a. á hundrað 574 kr. 2 a. + gjaldi af brennisteinsnámunum 5 kr. 6 a. | | 579 8 | 882 20 |
| 5. Norðurþingeyjarsýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári | | 105 61 | |
| Niðurjöfnun 11 aur. á hundrað | | 346 70 | 452 31 |
| 6. Norðurmúlasýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári (í sjóði) | 136 kr. 98 a. | | |
| Vanheimt gjald | 1 — 55 - | 138 53 | |
| Niðurjöfnun 4 aur. á hundrað | | 340 24 | |
| Aðrar tekjur | | 400 » | 878 77 |
| 7. Suðurmúlasýsla: | | | |
| Eign frá fyrra ári | | 292 27 | |